

Fundargerð stjórnar Fimleikasambands Íslands

5. fundur haldinn á skrifstofu FSÍ 13. 9. 2016 kl. 18:00

Fundinn sátu: Kristín Ívarsdóttir, Sunna Sigurðardóttir, Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir, Þór Ólafsson, Þóra Margrét Hjaltsted, Sólveig Jónsdóttir, Íris Svavarsdóttir og Sæunn Viggósdóttir.
Forföll tilkynnti: Arnar Ólafsson

Fundargerð ritaði: Sæunn Viggósdóttir

1. Mótadagskrá FSÍ lögð fram til samþykktar

Íris kynnir mótadagskrá FSÍ fyrir keppnistímabilið 2016-2017.

Erindi samþykkt.

2. Móta- og keppnisreglur lagðar fram til samþykktar

Uppfærðar móta- og keppnisreglur kynntar.

Efnislega eru móta- og keppnisreglur samþykktar en sjórn vísar því til laganefndar að samræma þær við lög og reglugerðir sambandsins.

3. Kröfur móta – TKV lagðar fram til samþykktar

Frestað.

4. Formannafundur – dagskrá lögð fram til samþykktar

Sólveig kynnir dagskrá formannafundur.

Ákveðið var að bæta við einum lið og uppfæra dagskránnar eftir því.

Erindi samþykkt.

5. Heilbrigðismál á mótum FSÍ – nýr kafli í móta- og keppnisreglum lagður fram til samþykktar

Nýr kafli í móta- og keppnisreglum var sérstaklega kynntur sérstaklega, Heilbrigðismál á mótum FSÍ. Stjórn hefur hug á því að setja á Heilbrigðisnefnd og framkvæmdastjóri settur í að skrifa erindisbréf þess eðlis.

Erindi samþykkt

6. Fræðsludagskrá – drög lögð fram til kynningar

Drög að fræðsludagskrá kynnt.

7. Leyfiskerfi – bréf til félaga – reglugerð lögð fram til samþykktar

Uppfært bréf sem sent verður til félaga um leyfiskerfið kynnt.

Drög að reglugerð liggur fyrir og þarf stjórn nokkra daga til að lesa yfir áður en hún verður samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:15

6. fundur stjórnar verður haldinn þann 27. september kl. 18:00